



Grundarfjarðarbær

Reglur um afslátt af fasteignaskatti 2018

1. gr.

Til að geta átt rétt á afslætti af fasteignaskatti samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni, þarf eftirtöldum skilyrðum að vera fullnægt:

- a. Viðkomandi elli- og örorkulífeyrisþegar verða að eiga lögheimili í Grundarfjarðarbæ og séu þinglýstir eigendur viðkomandi fasteignar og/eða geti átt rétt á vaxtabótum vegna hennar skv. B-lið 68. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.
- b. Umsækjandi sé 75% öryrki eða 67 ára eða eldri. Ellilífeyrisþegar geta fyrst átt rétt á afslætti hafi þeir orðið 67 ára á næsta ári á undan álagningarári. Þeir sem eru úrskurðaðir 75% öryrkjar á álagningarári eiga rétt á hlutfallslegri lækkun frá því að örorkumat tók gildi.
- c. Umsækjandi búi sjálfur í íbúðarhúsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur. Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði, þegar umsækjandi dvelur á stofnun, á því ári sem viðkomandi fer á stofnun og næsta ár á eftir, enda hafi viðkomandi ekki leigutekjur af húsnæðinu og/eða að fasteignin sé ekki nýtt af öðrum til íbúðar.
- d. Sé umsækjandi í óvígðri sambúð gilda sömu reglur og um hjón sé að ræða.
- e. Þegar um hjón eða sambúðaraðila er að ræða nægir að annað hjóna eða sambúðaraðila fullnægi því skilyrði að vera elli- eða örorkulífeyrisþegi.
- f. Falli annar aðilinn, sem getið er í staflíð d, frá, þá á sá eftirlifandi rétt á því að njóta afsláttar hjóna, eða sambúðaraðila, út árið sem fráfallið átti sér stað á, óski hann þess.
- g. Verði slit á hjónabandi eða sambúð þeirra einstaklinga sem getið er í staflíð d, þá eiga aðilar máls rétt á öðru tveggja, frá og með þeim tíma sem lögskilnaður er skráður eða sambúðarslit skráð:
 1. að njóta óbreytts afsláttar út álagningarárið óski þeir þess.
 2. að vera meðhöndlaðir sem einstaklingar frá og með þeim tíma óski þeir þess, enda geti þeir með fullnægjandi hætti sýnt aðgreindar sértekjur sínar vegna ársins á undan sbr. gr. 2 og 3.

2. gr.

Varðandi tekjuviðmiðanir gilda þær tekjur sem eru stofn til útreiknings tekjuskatts, útsvars og fjármagnstekjuskatts, eins og þær voru skv. síðustu skattskýrslu. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðra sambýlisaðila.

3. gr.

Umsækjendur skulu leggja fram umsókn á tilskildum eyðublöðum, ásamt endurriti af skattframtali staðfestu af skattstjóra og örorkumatsvottorð, ef við á. Reglur þessar eru settar með heimild í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, 5. gr. 3. mgr.

4. gr.

Afláttartafla árið 2018:

Tekjur einstaklinga skv. skattframtali 2017/v tekna 2016			Tekjur hjóna/sambýlisfólks skv. skattframtali 2017/v tekna 2016		
Afláttur	Frá kr.	Til kr.	Afláttur	Frá kr.	Til kr.
100%	0	3.062.312	100%	0	5.173.824
75%	3.062.313	3.364.840	75%	5.173.825	5.480.982
50%	3.364.841	3.693.604	50%	5.480.983	5.806.660
25%	3.693.605	4.005.389	25%	5.806.661	6.104.558
0%	4.005.390	og yfir	0%	6.104.559	

Hámarksafsláttur árið 2018 er kr. 88.195,-

5. gr.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn Grundarfjarðar þann 1. nóvember 2017 og gilda árið 2018. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um aflátt af fasteignaskatti 2017 frá 27. október 2017.

Grundarfirði, 1. nóvember 2017.

Þorsteinn Steinsson, bæjarstjóri